

Íslenska kalkþörungafélagið ehf  
Hafnarteigi 4  
465 Bíldudalur

Reykjavík, 10. mars 2021  
UST202007-122/F.T.  
08.03

**Efni: Málslok**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 20. ágúst sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Íslenska kalkþörungafélagið ehf. vegna vanskila á grænu bókhaldi fyrir árið 2019, sbr. reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Þann 2. september sl. barst grænt bókhald.

**Umhverfisstofnun hafa borist umbeðin gögn og telst frávikin lokið.**

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur